



Fundur háskólaráðs 2. nóvember 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 27.10.2006
Dags: 02.11.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

14/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 2. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 10.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Ólafur Þ. Harðarson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Inga Jóna Þórðardóttir og Matthías Páll Imsland boðuðu forföll og varamenn þeirra einnig. Rúnar Vilhjálmsson forfallaðist. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun ráðningarferlis akademískra starfsmanna. Tillaga starfshóps rektors.

Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísindasviðs, og gerði grein fyrir framlögðum tillögum starfshóps, sem Páll Hreinsson, prófessor og forseti lagadeildar hefur stýrt, um endurskoðun ráðningarferlis akademískra starfsmanna. Málið var rætt ítarlega og svaraði Halldór framkomnum spurningum og athugasemdum. Lýstu ráðsmenn ánægju sinni með framkomnar tillögur.

1.2 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Efling tengsla við atvinnulíf. Mótun fyrirkomulags um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 5. október sl.

Inn á fundinn kom Jón Atli Benediktsson, prófessor og formaður gæðanefndar háskólaráðs, og gerði grein fyrir framlögðum tillögum nefndarinnar um akademísk gestastörf við Háskóla Íslands. Málið var rætt ítarlega og svaraði Jón Atli framkomnum spurningum og athugasemdum. Lýstu ráðsmenn ánægju sinni með framkomnar tillögur.

1.3 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Verkefnisstjórn um framkvæmd stefnu Háskóla Íslands.

Rektor skýrði framlagt erindisbréf verkefnisstjórnar um framkvæmd stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Í verkefnisstjórninni sitja Snjólfur Ólafsson, prófessor í viðskipta- og hagfræðideild, formaður, Margrét S. Björnsdóttir, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, og Snorri Þór Sigurðsson, prófessor í raunvísindadeild.

- Samþykkt einróma.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Erindi frá kjararáði, dags. 11. október sl., í tengslum við úrskurð skv. 5. gr. laga um kjararáð.

Rektor og Halldór Jónsson gerðu grein fyrir erindi kjararáðs og var það rætt.

- Rektor, varaforseta háskólaráðs, formanni samráðsnefndar um kjaramál, sviðsstjórum vísindasviðs og starfsmannasviðs, og lögfræðingi Háskólans falið að semja drög að skriflegri greinargerð háskólaráðs fyrir næsta fund.

2.2 Erindi tveggja nemenda vegna túlkunar deildar á 2. mgr. 59. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt að fela Þórdísi Kristmundsdóttur, fulltrúa heilbrigðisvísindasviðs, Rúnari Vilhjálmssyni, fulltrúa Félags háskólakennara og Félags prófessora, og Ernu Kristínu Blöndal, fulltrúa stúdenta, að undirbúa ákvörðun háskólaráðs um málið fyrir næsta fund.

3. Til fróðleiks

3.1 Ávarp rektors við brautskráningu kandídata laugardaginn 21. október 2006.

3.2 Bréf frá menntamálaráðuneyti um umsókn um viðurkenningu á háskólum og fræðasviðum þeirra, dags. 20. október sl.

3.3 Vannýttur mannauður í útlöndum, skýrsla RANNÍS um íslenska doktora á erlendri grundu.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 11.45.